

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l ílát	16.696 kr.	7.242 kr.
660 l ílát	48.177 kr.	22.167 kr.
1.100 l ílát	79.176 kr.	35.832 kr.
3.000 l ílát	126.353 kr.	
8.000 l ílát	176.563 kr.	

*Grátunna:* losun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	20.192 kr.
Frístundahúsnæði	14.811 kr.
Lögbýli	9.874 kr.
Fyrirtæki	19.748 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> úrgangs vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> er kr. 5.000.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð verði aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. nóvember 2015 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 27. nóvember 2015. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1250/2014 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 7. desember 2015.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015